

1864.

23. apríl.

**35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um laun handa bæjarfógetanum á Akureyri.**

Eptir að stjórnarráðið hafði meðtekið bænarskrá þá, er þér, herra amtmaður, senduð hingað með bréfi yðar 6. októberm. f. á., hefi eg við umræðurnar um fjárlögin á hinu síðasta ríkisþingi gjört uppástungu um, að bæjarfógetanum í kaupstaðnum Akureyri sæu veitt árleg laun úr ríkissjóðnum, og hefir ríkisþingið síðan í fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1864—65, er öðluðust staðfesting konungs og komu út 21. f. m., í 9. gr. VI. A. 1., veitt í þessu skyni 200 rd.

Þetta birtist yður hérmeð, herra amtmaður, í sambandi við bréf stjórnarráðsins 30. f. m., yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það Stefáni sýslumanni og bæjarfógeta Thorarensen.

23. apríl.

**36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“.**

Eptir bænarskrá dags. 23. f. m., er dómsmálastjórnin hefir meðtekið frá Deild hins íslenska bókmenntafélags hér í bænum, hefir stjórnarráðið veitt félaginu 300 rd. í einu lagi fyrir útgáfu 1. bindis af „Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands“, og hefir í dag verið hlutast til um, að fê þetta verði greitt fêhirdi félagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfêhirzlu ríkisins.

Þetta er hérmeð kunngjört félagsdeildinni, en um leið skal þess getið, að þarsem þess enn fremur er farið á leit í ofangreindri bænarskrá, að félaginu framvegis verði veittur 150 ríkisdala styrkur á ári til að halda áfram útgáfu safns þessa, þá mun stjórnarráðið síðar gjöra nákvæmari ákvörðun um það efni.